



Fundargerð

Mánudaginn 6. október 2014 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 10.00 á skrifstofu Félags og skólaþjónustunnar, Blönduósi.

Á fundinn voru mættir: Jón Gíslason, Valgarður Hilmarsson, Vignir Sveinsson, Halldór G. Ólafsson Auður H. Sigurðardóttir og Magnús B. Jónsson.

Formaður, Jón Gíslason setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Sæborg

a. Rekstur

Fyrir fundinum lá samantekt um rekstur fyrstu 8 mánuði ársins 2014 og samanburður ársreikninga fyrir Sæborg 2009-2013 sem framkvæmdastjóri hafði gert. Magnús skýrði nánar fyrirbyggjandi gögn. Mikil umræða varð um rekstur og þjónustu á Sæborg. Valgarður lagði til að leitað verði til landlæknisembættisins um að gerð verði þjónustuúttekt á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Sæborg. Tillagan var samþykkt með tveimur atkvæðum gegn einu.

b. Framkvæmdir

Fyrir fundinum lá verkfundargerð þar sem kemur fram að samningsverð um verkið er 12,9 milljónir. Í fundargerðinni kemur einnig fram hver er staða framkvæmdar og kostnaður við þá verkþætti sem unnið hefur verið að. Þá kemur fram að verkþættirnir málun á þaki, múrviðgerðir og málun á steiptum flötum bíða vors 2015, enda ekki talið mögulegt að tryggja fullnægjandi gæði þeirra verkþátta á þessum árstíma.

Fundarmenn ræddu framkvæmdina og efni fundargerðarinnar en hún var til kynningar.

c. Lántaka vegna framkvæmda

- i. Fyrir fundinum lá lánsamningur milli Lánasjóðs sveitarfélaga og Félags- og skólaþjónustu A-Hún. Til staðfestingar því að Félags- og skólaþjónusta A-Hún samþykki lántökuna sem þegar hefur verið samþykkt af lánasjóðnum var eftirfarandi bókun samþykkt:

Stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 17.000.000 kr. til 20 ára, í samræmi við samþykkt skilmála lánveitingarinnar sem liggur fyrir fundinum. Er lánið tekið til að fjármagna viðhald á dvalar- og hjúkrunarheimili sem fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Magnúsi B. Jónssyni, kt.140452-4679, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga f.h. Félags- og skólaþjónustu A-Hún sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði standa einfaldar óskiptar ábyrgðir allra eigenda sem eru sveitarfélögin Skagaströnd, Húnavatnshreppur, Blönduósþær og Skagabyggð sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr.



sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setja þau til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68. gr. sömu laga.

ii. Fram kom að allar sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna hafi samþykkt skuldbindingu vegna lánsins.

2. Hnitbjörg, framkvæmdir

Framkvæmdastjóri greindi frá áætluðum kostnaði við lóða- og stéttafrágang við Hnitbjörg eftir framkvæmdir við fráveitu og dren við húsið á árinu 2013. Fram kom að samkomulag hefur náðst við stjórnendur Heilbrigðisstofnunar á Blönduósium nýja tengingu akstursleiðar frá Hnitbjörgum inn á bílastæði stofnunarinnar. Skipt hefur verið um jarðveg í akstursleiðinni en yfirborðsfrágangi frestað. Fram kom að kostnaður við framkvæmdir er farinn töluvert fram úr fjárhagsáætlun og var framkvæmdastjóra falið að greina kostnaðarþætti og leggja fyrir næsta fund.

3. Félagsþjónusta – skýrsla félagsmálastjór

Auður félagsmálastjóri lagði fram samantekt um almenna félagsþjónustu árabílinu 2006-2014. Í samantektinni kemur fram samanburður milli ára á einstökum þjónustupáttum og samanburður við sambærilega þjónustu á landsvísu. Félagsmálastjóri kynnti samantektina og skýrði nánar á hverju hún byggir og hvernig þjónustupættir hafa þróast og hvernig þeir greinast niður. Umræður urðu um félagsþjónustuna og þá samantekt sem farið hafði verið yfir. Málið var til kynningar.

4. Málefni fatlaðra – fjárhagsáætlun Róta bs.

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun Róta bs. fyrir málefni fatlaðra á árinu 2015 sem samþykkt var á aðalfundi Róta bs. 30. sept. sl.

Samkvæmt áætluninni sem samþykkt var með fyrirvara um fjárframlög úr jöfnunarsjóði er gert ráð fyrir að verkefni við þjónustu við fatlaða í A-Hún muni kosta 76,2 milljónir króna, þar af verði kostnaður við sambyli 58,8 milljónir. Umræður urðu um áætlunina og þá veikleika sem á henni er að tekjur koma ekki fram og eru óljósar. Málið var til kynningar.

5. Forsendur fjárhagsáætlunar 2015

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þeim viðmiðum sem ákveðið var að nota við fjárhagsáætlun málefna fatlaðra sbr. fund þjónustuhóps 2. sept. sl. og aðalfund Róta bs. Samþykkt að nota í grundvallaratriðum sömu viðmið en byggja útreikninga einnig á forsendum reynslutalna.

6. Dreifnám

Fyrir fundinum lá samantekt Ásdísra Ýr Arnardóttur um stöðu dreifnámsins á fyrstu mánuðum skólársins. Í samantektinni kemur fram að alls stunda 16 nemendur nám í Dreifnámi í A-Hún. Nýir nemendur eru 14 en 2 stunduðu einnig nám í dreifnámi fyrir s.l. skólaár. Nemendur eru á aldrinum 16 til 38 ára.



Þeir nemendur sem hafa náð 20 ára aldri eru allir að sækja sér fáar einingar með ákveðin markmið í huga. Þessir nemendur eru með frjálsa mætingu sem þýðir að þeir mæta ekki í lotur á Sauðárkróki en sækja alla tíma á Blönduósi.

Lögheimili nemenda dreifast á eftirfarandi sveitarfélög:

Blönduós: 6 nemendur

Húnavatnshreppur: 1 nemendur

Skagabyggð: 1 nemandi

Skagaströnd: 5 nemendur

Önnur sveitarfélög: 3 nemendur

Umræður urðu um dreifnámið almennt en skýrsla Ásdísar var til kynningar.

Halldór gerði tillögu um að fengin verði verkfræðingur til að taka út allan skólaakstur og aðra fólksflutninga í A-Hún með það að marmiði að ná fram meiri hagræðingu og betri nýtingu í akstri en jafnframt að leita leiða til að gera skólaakstur í dreifnámið mögulegan.

Meginmarkmið úttektarinnar væri að uppfylla þarfir nemenda á öllum skólastigum til skólagöngu í A-Hún.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að kanna kostnað við slíka úttekt og leggja fyrir stjórn.

7. Fundargerðir:

- a) Þjónustuhóps, 2.09.2014
Fundargerðin var til kynningar.
- b) Stjórnar Róta bs. 26.03.2014
Fundargerðin var til kynningar.
- c) Stjórnar SSNV, 23.07.2014
Fundargerðin var til kynningar.

8. Önnur mál

Ekki komu fram mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 13,40

Jón Gíslason,

Valgarður Hilmarsson,

Vignir Sveinsson,

Halldór G. Ólafsson

Magnús B. Jónsson

Auður H. Sigurðardóttir